



STARFSENDURHÆFING  
NORÐURLANDS

# Ársskýrsla

Starfsárið júlí 2009 til júní 2010



Við náum árangri með því að stefna öll að sama marki



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Um Starfsendurhæfingu Norðurlands .....	3
Hlutverk .....	3
Markmið .....	3
Markhópur .....	4
Fjármögnun .....	4
Starfsmannahald .....	4
Starfsemin .....	5
Ferli endurhæfingar hjá SN .....	6
1. BYR - námstengd endurhæfing .....	7
2. Brúin – stuðningsúrræði .....	7
3. Skrefið til vinnu .....	7
4. Að breyta um lífsstíl .....	7
5. Endurhæfingarteymi Norðurlands - ETNA .....	8
6. Menntasmiðja kvenna .....	10
Samstarfsaðilar .....	11
Stapi lífeyrissjóður .....	12
Virk starfsendurhæfingarsjóður .....	12
Veitt þjónusta við þátttakendur .....	13
Fjöldi notenda þjónustu SN sl. starfsár .....	13
Tilvísanir .....	14
Útskrifaðir .....	14
Kynjaskipting þátttakenda .....	15
Menntun þátttakenda .....	16
Ytra mat á árangri .....	16
Leonardo verkefni .....	19
Þróunarstarf .....	19
Nýjar endurhæfingarleiðir .....	20
Skrefið til vinnu .....	20
Breyttur lífsstíll .....	20
Lokaorð .....	21

## Inngangur

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands mun varpa ljósi á það starf sem fram hefur farið síðastliðið starfsár.

Starfsárið sem um er fjallað er frá júlí 2009 til dagsins í dag. Rekstarreikningurinn er almanaksárið 2009.

Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) er skipuð fulltrúum frá stofnaðilum SN. Ingvar Þóroddsson fulltrúi FSA er formaður stjórnar. Erla Björg Guðmundsdóttir er fulltrúi SÍMEY, Guðrún Sigurðardóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar er varaformaður og ritari, meðstjórnendur eru; Guðmundur B. Guðmundsson, fulltrúi Stapa Lífeyrissjóðs og Jón Helgi Björnsson, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Varamenn eru: Soffía Gísladóttir, fulltrúi Vinnmálastofnunar Norðurlands eystra fyrir SÍMEY, Margrét Guðjónsdóttir, frá HAK, fyrir Akureyrarbæ, Ásta Guðný Kristjánsdóttir, fulltrúi KEA, fyrir Stapa Lífeyrissjóð, Laufey Petrea Magnúsdóttir, fulltrúi FSH fyrir Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Ágúst Óskarsson, fulltrúi FSP fyrir FSA.

Frá ársfundi félagsins í júní 2009 hafa verið haldnir 7 stjórnarfundir.

## Um Starfsendurhæfingu Norðurlands

Starfsendurhæfing Norðurlands, var stofnuð 9. febrúar 2006.

Áður hafði Starfsendurhæfingin verið starfrækt undir merkjum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga (FSH), Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga (FSP) og Framhaldsskólans á Húsavík í fjögur ár.

Forsaga SN er sú að árið 2002 fór af stað undirbúningur tilraunaverkefnis á Húsavík sem miðaði að því að mæta þeirri miklu þörf sem upp var komin þar sem mikil fjölgun öryrkja var á þessu svæði.

Verkefnið fékk vinnuheimtið BYR starfsendurhæfing og um haustið 2003 hófu 16 þátttakendur endurhæfingu.

Árið 2005 hófst vinna við yfirfærslu verkefnisins á Eyjafjarðarsvæðið í samvinnu við Heilsuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðarsvæðis.

**Hlutverk** SN er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn.

**Markmið** SN er að veita þátttakendum sínum ráðgjöf og stuðning á heildstæðan hátt á meðan á endurhæfingu stendur. Unnið er með alla þá þætti sem hver þátttakandi metur í samráði við ráðgjafa SN um hvað hann þurfi á að halda til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Hugmyndin er sú að þátttakandinn komi með virkum hætti að sinni endurhæfingu strax í upphafi og byrji þ.a.l. strax að axla ábyrgð á sinni endurhæfingu. Hlutverk SN er að útvega þá þjónustu sem hann þarf. Um er að ræða námstengda endurhæfingu en þátttakendur stunda nám á framhaldsskólastigi, ýmist frá VMA eða Framhaldsskólanum á Húsavík. Auk þess er boðið upp á fjármálaráðgjöf, sálfræðistuðning, hópefli/sjálfsstyrkingu og líkamsþjálfun. Öll endurhæfingin miðar að því að einstaklingurinn fari í vinnu eða áframhaldandi nám að endurhæfingu lokinni. Einnig felur hugmyndin í sér samvinnu stofnana og kerfa um samþættingu velferðarþjónustu.

**Markhópur** Þátttakendur starfsendurhæfingarinnar eru einstaklingar sem eru á örorku-/ endurhæfingarlífeyri hjá TR og lífeyrissjóðum og fólk sem er á bótum hjá Vinnumálastofnun eða sveitarfélagi. Einnig einstaklingar hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði.


**Fjármögnun** Þjónustusamningurinn sem gerður var við Sjúkratryggingar Íslands 2008 rann út um síðustu áramót og var hann framlengdur tímabundið eða út maí 2010. Því er SN án samninga í dag. Viðræður um nýjan samning hafa ekki ennþá farið hafist og er það mikið áhyggjuefni. Samningar við Virk starfsendurhæfingarsjóð voru komnir í höfn um áramót en hafa ekki verið undirritaðir ennþá þar sem viðræður á milli ríkis og Virk eru í gangi um samvinnu um skipulag starfsendurhæfingarmála á landinu. Samningur við Akureyrarbæ um rekstur Menntasmiðju kvenna hefur verið framlengdur út þetta ár.

**Starfsmannahald** Fastráðnir stafsmenn SN eru nú sex í fimm stöðugildum. Þeir eru:

- Annette Mønster náms- og starfsráðgjafi í 100% stöðu
- Geirlaug G. Björnsdóttir í 100% stöðu, gegnir starfi framkvæmdastjóra
- Jakobína Elva Káradóttir félagsráðgjafi í 100% stöðu
- Kristín Björk Gunnarsdóttir 100% staða í ½ ár, gegndi starfi Forstöðufreyju Menntasmiðjunnar á Akureyri frá ágúst til desember 2009
- Magnfríður Sigurðardóttir iðjuþjálfari í 100% stöðu gegnir starfi verkefnisstjóra/ ráðgjafa
- Sæunn Sigríður Jóhannsdóttir ritari í 50% stöðu

## Starfsemin

Á þessu starfsári hefur verið boðið upp á BYR - námsleiðina, Brúna stuðningsúrræðið, ETNA - átta vikna endurhæfingu og Menntasmiðju kvenna. SN hefur einnig unnið starfsfærnimat fyrir Stapa lífeyrissjóð. Starfsemi SN er í örri þróun og hefur farið fram mikil endurskoðun á endurhæfingarleiðum sem SN býður upp á. Það er ljóst að þeim einstaklingum sem þurfa á langtíma endurhæfingu að halda og stefna út í vinnu, en vilja ekki fara í nám, þarf að mæta með breyttum áherslum. Ákveðið hefur verið að bregðast við þessari þörf og bjóða upp á sérhæft úrræði sem þjónar þessum hópi og er þá fyrst og fremst verið að horfa á styrk einstaklingsins til vinnu og vinna með þá þætti sem hindra atvinnuþátttöku. Einnig viljum við horfa á einstaklinga sem þurfa langtíma endurhæfingu og eru hvorki tilbúnir í vinnu eða nám og bjóða þeim upp á þá þjónustu sem við höfum og þá þjónustu sem við munum bjóða á haustmánuðum.




Mynd 1. Hér sést hvernig starfsemi SN mun verða á komandi hausti.

Frekari útlistun fer hér á eftir og í kaflanum um þróunarvinnu.

# Ferli endurhæfingar hjá SN



## Ferli endurhæfingar



Hér sést ferill 18. mánaða endurhæfingar og þar má sjá að gert er ráð fyrir að einstaklingurinn geti fari í vinnu eða í nám hvenær sem er á tímabilinu.

Mynd 2. Flæðirit sem sýnir langtíma endurhæfingu.

Tilvísun berst frá tilvísunaraðila og fer þá fram viðtal og frekari greining á stöðu einstaklingsins. Mat er lagt á það hvaða leið henti umsækjanda best en þvínæst er gerð endurhæfingaráætlun í samvinnu við einstaklinginn.

Endurhæfingin hefst á undirbúningsprógrammi sem varir í 4-6 mánuði. Þar er unnið með einstaklingnum, m.a. í persónulegum markmiðum og hópefli auk þess sem unnið er með honum í fjármálum, sé þörf á því. Einnig er unnið með handverk en sú vinna hefur farið fram á Punktinum og námstengd verkefni eru á vegum Menntasmiðju Akureyrar. Bodið er upp á líkamsþjálfun og er hún undir handleiðslu sjúkraþjálfara. Hópeflistímar skipa stóran sess í undirbúningsvinnunni sem hefur mikla þýðingu fyrir framhaldið enda rauður þráður í gegnum allt endurhæfingarferlið.

Að þessu loknu skiptist hópurinn upp í þá sérhæfðu leið sem hentar hverjum og einum þátttakanda en þær eru:

1. **Byr**, námstengd endurhæfing, tvær námsannir með atvinnuþátttöku yfir sumarmánuðina ef einstaklingurinn er tilbúinn í það.

2. **Brúin**, stuðningsúrræði fyrir þá sem eru í námi á eigin vegum og eða fyrir þá sem eru komnir í vinnu en þurfa á stuðningi að halda.
3. **Skrefið til vinnu**, fyrir þá sem stefna sem fljótast úr í vinnu á ný.
4. **Að breyta um lífsstíl**, fyrir þá sem þurfa á andlegri og líkamlegri uppbyggingu að halda, m.a. er lögð áhersla á að efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd einstaklingsins.
5. **ETNA** – 8 vikna heilðræn endurhæfing.
6. **Menntasmiðja kvenna**.
7. **Annað** – einstaklingssamningar óháð sérstökum „hópum“.

Hér verður hverri leið lýst betur

**1. BYR - námstengd endurhæfing** er námstengd endurhæfing sem varir í tvær annir eða 10 mánuði. Þátttakendur eru í námi 4 - 5 tíma á dag þar sem saman fer nám, hreyfing, fræðsla og ráðgjöf hjá ráðgjafa (tengli) sem hann fær við komuna til SN. Einnig eru þátttakendur í eftirfylgd hjá sínum tilvísunaraðila sem oftast er læknir eða félagsráðgjafi og í meðferð hjá sálfræðingi sé þess þörf. Eftirfylgd sér tengill um eftir þörfum í allt að þrjú ár.

**2. Brúin – stuðningsúrræði** Í þessum hópum eru flestallir þátttakendur í námi á eigin vegum, ýmist í framhaldsskóla eða í háskólanámi, en nokkrir hafa einnig stundað vinnu. Markmiðið er að styðja þátttakandann á þeirri námsleið eða í því starfi sem hann hefur valið sér. Þátttakendum er veittur sá stuðningur sem hentar hverjum og einum. Hóparnir hittast vikulega með ráðgjafa og er þá boðið upp á fræðslu eða þeir miðla að reynslu sinni og styðja og leiðbeina hvor öðrum. Einnig stendur þeim til boða viðtöl hjá þeim fagaðilum sem hver og einn telur að hann þurfi á að halda til þess að ná bata á ný. Má þar nefna: sálfræðiviðtöl, fjármálaráðgjöf og félagsráðgjöf, sjúkraþjálfun og viðtöl hjá geðlækni. Þessi þjónusta hefur lofað góðu og fjölgar þeim sem sækjast eftir þessum stuðningi. Eru þetta sérstaklega einstaklingar sem hafa ekki getað fótað sig í námi eða vinnu til þessa, en þurfa á stuðningi og hvatningu að halda. Það er ekki þörf á því að þátttakandi í þessu úrræði sé búinn að fara í undirbúningshópinn heldur getur hann komið beint inn í þetta úrræði enda ekki endilega um langtíma stuðning að ræða.

**3. Skrefið til vinnu** Þetta er ný leið sem SN mun bjóða upp á í haust. Hámarkstími þessarar endurhæfingar er 5 mánuðir. Hér er verið að mæta þörf sem að undanfögnu hefur orðið meira knýjandi. Markmiðið er að vinna á markvissan hátt með þeim þátttakendum sem vilja stefna sem fyrst út í vinnu en þurfa á endurhæfingu að halda. Unnið er með þær hindranir sem eru til staðar og hindra atvinnuþátttöku. Áhersla er lögð á; gerð færnimöppu og starfsferilsskrár, grunnáfangu í tölvuvinnslu, sjálfsefningu og hópefli. Unnið með markmiðssetningu, samskipti og framkomu. Einnig verður boðið upp á líkamsþjálfun og/ eða sjúkraþjálfun. Starfskynningar verða a.m.k. þrjár vikur af tímabilinu.

**4. Að breyta um lífsstíl** er einnig ný leið sem SN ætlar að bjóða upp á í haust. Þetta er leið fyrir þá einstaklinga sem að loknu undirbúningsþrógrammi hjá SN eru ekki tilbúnir í vinnu eða nám. Þessir einstaklingar þurfa á lengri sjálfsefningu að halda og eru með mikinn vanda. Unnið er með sjálfstraust og sjálfsmynd, markmið og markmiðssetningu og hvað þurfi til að breyta um lífsstíl. Hreyfing og breytt mataræði er þungamiðja þessarar endurhæfingar auk sálræns stuðnings en auk þess verður áhersla lögð á ábyrgð einstaklingsins.

## 5. Endurhæfingarteymi Norðurlands - ETNA

ETNA hefur verið í boði hjá SN í eitt og hálf ár. Um er að ræða samstarfsverkefni SN, Eflingar sjúkraþjálfunar ehf og FSA-Kristnes en ETNA er sjálfstæð deild undir SN. Starfsemin hófst í upphafi árs 2009.

**Markmið** með ETNA er að mæta þörfinni fyrir endurhæfingu sem nú er meiri á svæðinu en núverandi starfsemi á Norðurlandi annar, að mæta biðlistum og veita snemmtæka íhlutun. Er markmiðið að grípa sem fyrst inn í veikindaferli einstaklingsins. Þetta er liður í því að snúa við óæskilegri þróun áður en vandinn er orðinn fjölþættari og kostnaðarsamari.

**Markhópur** ETNA eru einstaklingar sem eru að falla út af vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa. Einnig fólk sem er að bíða eftir að komast í endurhæfingu og getur stundað hana frá heimili sínu á Akureyri eða nágrenni.


**Kaupendur þjónustunnar** Sjúkratryggingar Íslands, Virk starfsendurhæfingarsjóður og Vinnumálastofnun hafa keypt þjónustu ETNA.

**Tilhögun** endurhæfingarinnar er þannig að einstaklingur tekur þátt í endurhæfingarþrógrammi í 6 klst. á dag, fimm daga vikunnar í 8 vikur. Sérfræðingar veita einstaklings- og hópmeðferð. Verkefnisstjóri ETNA er félagsráðgjafi og veitt er markviss ráðgjöf allt tímabilið. Mikil áhersla er lögð á líkamlega endurhæfingu, sjúkraþjálfun, hreyfingu, sund og slökun. Einnig er boðið upp á fræðslu, sem að koma iðjuþjálfari, náms- og starfsráðgjafi, sjúkraþjálfarar, sálfræðingur og læknir. Að lokinni endurhæfingu liggur fyrir starfsfærni vottorð og tillögur um áframhaldandi endurhæfingu sé einstaklingurinn ekki orðinn vinnufær. Fjöldi við hverja innskrift er að hámarki 12 einstaklingar.

Frá ársbyrjun 2009 hafa þrjú hópar lokið ETNA þrógrammi, alls 30 einstaklingar, 11 karlar og 19 konur. Niðurstaða þessarar tilraunar lofar góðu. Þátttakendur eru mjög ánægðir með endurhæfinguna og sýna marktækar framfarir. Það er mat þeirra sem að endurhæfingunni koma að allflestir séu að koma inn í endurhæfinguna of seint. Allir sem hafa komið í ETNA eru búnir að vera óvinnufærir í meira en 6 mánuði og allt upp í 4 ár. Allir þurfa á langtímaendurhæfingu að halda og horfum við í því framhaldi til samstarfs við vinnumarkaðinn og Virk starfsendurhæfingarsjóð ef vel á að takast til. Best er að grípa sem fyrst inn í veikindaferli einstaklingsins og snúa við óæskilegri þróun áður en vandinn er orðinn fjölþættari og kostnaðarsamari.




Hér er samantekt á því hver staða þátttakanda sem hafa nýtt sér ETNA endurhæfingu er í dag.



Mynd 3. Afdrif þátttakenda úr ETNA- hópnum.

Eins og áður kom fram þá eru það þrjátíu einstaklingar hafa nýtt sér ETNA endurhæfingu, 19 konur og 11 karlar en tæp 60% þeirra sem nýttu sér þetta úræði eru í námi, 10% í atvinnuleit, 4% eru í áframhaldandi endurhæfingu og 14% eru öryrkjar. Ekki er vitað um afdrif eins einstaklings, einn einstaklingur hætti endurhæfingu áður en henni lauk og einn einstaklingur er látinn.



Um er að ræða 8 vikna endurhæfingu þar sem boðið er upp á 6 tíma endurhæfingu á dag.

Niðurstaða = starfsfærnimat

## 6. Menntasmiðja kvenna

Annað starfsár Menntasmiðju kvenna undir hatti SN er nú lokið og er ekki hægt að segja annað en að vel hafi tekist til. Til að tryggja að hugmyndafræði Menntasmiðju kvenna glataðist ekki við þessa yfirfærslu voru ráðnir stundakennarar sem komu að þróun hennar í upphafi. Hugmyndafræði Menntasmiðju kvenna er einstök og er mikilvægt, þó svo að nýir þjónustuaðilar komi að rekstri hennar, að standa vörðu um hana. Kristín Björk Gunnarsdóttir var verkefnisstjóri hennar/ forstöðufreyja. Verkefnaráðnir kennarar voru:

- Anna Richardsdóttir
- Guðrún H. Bjarnadóttir
- Guðrún Pálína Guðmundsdóttir
- Sólveig Jónsdóttir
- Lára Stefánsdóttir
- Valgerður Bjarnadóttir
- Hólfríður Margrét Bjarnadóttir
- Hilda Jana Gísladóttir

Einnig komu starfsmenn SN að kennslu.

Námsönnin hófst 2. september og lauk 16. desember, alls 16 vikur. Kennt var 6 klst. á dag, frá kl.9:00 til kl.15:00 alla virka daga.

Á dagskrá annarinnar voru eftirtaldir námsþættir:

Hópefli og grímugerð, sjálfsstyrking, dansspuni og hreyfing, handverk, myndlist, íslenska, enska, tölvur og myndvinnsla, umhverfisvernd, kynnisferðir, heilsa kvenna, lestrarskimun, hagnýt stærðfræði, nemendafundir, vinnuklúbbur, starfsvika og tímar skipulagðir af nemendum. Forstöðufreyja sá um umhverfisverndina og kynnisferðirnar auk hópeflis og að halda utan um starfsvikurnar. Annað var í umsjá aðkeyptra kennara eða ráðgjafa frá Starfsendurhæfingu Norðurlands. Utan þessara föstu þátta var einnig farið í haustferð á Kópasker, vinnuaðstaða og líkamsbeiting skoðuð, farið í heimsóknir og á söfn.

Eins og hugmyndafræði Menntasmiðju kvenna gengur út á þá er megináherslan í náminu á sjálfsstyrkingu. Sjálfsstyrking er útgangspunkturinn í öllum námsgreinum og svo tekin fyrir í sérstökum námsþætti. Forstöðufreyja tók a.m.k. tvö viðtöl við hverja konu, meðan á náminu stóð auk þess sem flestar nýttu sér viðtal við kennara sjálfstyrkingar.

Sextán konur innrituðust í námið. Sex komu frá Vinnumálastofnun, tveimur var vísað til SN af heimilislækni en átta komu að eigin frumkvæði. Ein kvennanna er búsett utan Akureyrar.

Af þeim 16 konum sem innrituðust í námið voru 14 sem útskrifuðust. Af þeim voru það 13 konur sem hlutu fullnaðarútskrift en ein var með minna en 80% mætingu og hlaut þess vegna ekki fullnaðarútskrift. Tvær konur hættu í náminu, ein hætti strax í fyrstu vikunni og hin hætti í byrjun október.

Í ársbyrjun 2010 voru konurnar með ýmiskonar áform, sex þeirra ætla sér í frekara nám og stuðning hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands, ein fór í fjarnám og tvær eru virkir í atvinnuleit. Hjá hinum 5 fimm er framtíðin nokkuð óráðin en flestar þeirra eru á varanlegri örorku og komu meira í námið til að styrkja sjálfsmynd sína heldur en að þreifa fyrir sér með nám eða vinnu.

## 7. Annað

Í undantekningartilfellum getur umsækjandi ekki nýtt sér hefðbundnar leiðir SN en þarf á endurhæfingu og /eða stuðningi að halda. Eru þá gerðir einstaklingsmiðaðir samningar sem fela í sér þátttöku að hluta í einhverjum leiðum eða þá að ráðgjafi fylgir eftir áætlun viðkomandi sem er sérsniðin að þörfum hans.

## Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar SN eru stofnaðilar og starfsmenn þeirra s.s. læknar heilsugæslustöðva og FSA, ráðgjafar frá Félagsþjónustu, Fjölskyldudeildar og Vinnumálastofnunar, Stapi Lífeyrissjóður og Virk starfsendurhæfingarsjóður. Mikið og gott samstarf hefur verið við Tryggingastofnun ríkisins varðandi þróun þess vinnulags sem unnið er eftir hjá SN.

Einnig er samstarf við ýmsa verktaka og sérfræðinga sem að endurhæfingunni koma.

Verktakar þeir sem unnið hafa fyrir SN þetta starfsár eru:

- ❖ Símeý skipulagði og hélt utan um námsþátt endurhæfingarinnar á Akureyri í samvinnu við VMA.
- ❖ Þekkingarnet Þingeyinga hefur boðið þátttakendum SN á Húsavík upp á námsleiðir: Skrifstofuskólanám og Almennt nám í bóklegum greinum.

Verkefnaráðnir kennarar voru;

Bragi Bergmann  
Helgi Kristinsson  
Heimir Kristinsson

Vilberg Geir Helgason  
Margrét Þóra Einarsdóttir  
Ólafur Jakobsson  
Steven Allard Bois

- ❖ Í undirbúningsprógrammi SN komu að margir sérfræðinga, fyrirlesarar og starfsmenn SN. Þar var boðið upp á handverk og voru það starfsmenn Punktsins sem héldu utan um þá vinnu. Einn verktaki var ráðinn til að sinna íslenskukennslu og var það Hrefna L. Ingólfssdóttir.
- ❖ Efling sjúkraþjálfun sá um líkamsþjálfun og umsjón með því starfi hafði sjúkraþjálfarinn Þorleifur Stefánsson.
- ❖ Fjármálaþjónustan hélt tvö fjármálanámskeið; Leiðin til velgengni, leiðbeinandi þar var Garðar Björgvinsson.
- ❖ Ólafur Jakobsson viðskiptafræðingur veitti einstaklingsráðgjöf vegna uppbyggingar á fyrirtækjarekstri til tveggja þátttakenda.
- ❖ Reynir ráðgjafastofa veitti sálfræðiþjónustu á Akureyri.
  - Kristján Már Kristjánsson sálfræðingur veitti einstaklingsmeðferð.
  - Valdís Eyja Pálsdóttir sálfræðingur veitti einstaklingsmeðferð.
  - Halldór Guðmundsson félagsráðgjafi hefur veitt einstaklingsráðgjöf. Einnig hefur hann handleitt og kennt starfsmönnum SN að nota matslista Achenbach til þess að meta árangur endurhæfingarinnar.
  - Anna Margrét Skúladóttir sálfræðingur veitti einstaklingsmeðferð.
- ❖ Ingibjörg Sigurjónsdóttir sálfræðingur veitti einstaklingsmeðferð á Húsavík.
- ❖ Alice Harpa Björgvinsdóttir sálfræðingur veitti einstaklingsmeðferð.
- ❖ Jóhann Ólason sálfræðingur veitti sálfræðiviðtöl.
- ❖ Sigrún Sveinbjörnsdóttir sálfræðingur veitti einstaklingsmeðferð.
- ❖ Sigrún Vilborg Heimisdóttir sálfræðingur veitti einstaklingsmeðferð
- ❖ Bryndís Símonardóttir fjölskyldumeðferðarráðgjafi veitti fjölskyldumeðferð til 2ja fjölskyldna.
- ❖ Sjúkraþjálfararnir Tinna Stefánsdóttir, Rósa Tryggvadóttir og Þóra Hlynsdóttir störfuðu sem verktakar í ETNA og Karen J. Sigurðardóttir sá um fræðslu um sálræna þætti.
- ❖ Karl Einarsson geðlæknir veitti einstaklingsmeðferð.
- ❖ Ingvar Þórðarson endurhæfingarlæknir starfaði sem matslæknir við starfsfærnimat fyrir Stapa lífeyrissjóð og einnig í ETNA endurhæfingunni. Auk þessara sérfræðinga voru margir aðkeyptir fyrirlesara sem komu til SN með ýmiskonar fræðslu, s.s. um næringu, afleiðingar kynferðisofbeldis, félagþjónustu, að hætta að reykja, þjálfun og næringu þeirra sem greinast með vefjagigt og síþreytu svo eitthvað sé nefnt. Einnig má geta þess að talsvert samstarf er við ráðgjafa SÁÁ en það er stækkandi hópur notenda þjónustu SN sem hefur búið við áfengis- og vímuefnavanda og er þetta samstarf afar mikilvægt.

### **Stapi lífeyrissjóður**

SN og Stapi lífeyrissjóður gerðu með sér samning um starfsfærnimat og endurhæfingu fyrir viðskiptavinum Stapa lífeyrissjóðs. Á síðasta starfsári voru unnin 50 starfsfærnimöt fyrir Stapa.

Sá samningur sem gerður var við Stapa lífeyrissjóð rann út um áramót. SN vann fyrir Stapa starfsfærnimöt fyrri part ársins. Ekki hafa farið fram viðræður um endurnýjun samnings en um tilraunaverkefni var að ræða um að veita viðskiptavinum Stapa ráðgjöf um val á endurhæfingu og mat á starfsfærni.

**Virk starfsendurhæfingarsjóður** hefur keypt þjónustu af SN þetta starfsár fyrir 9 einstaklinga. Samvinna við ráðgjafa Virk á Akureyri er í formi reglulegra funda sem

Magnfríður Sigurðardóttir iðjubjálfi SN situr en hún er tengill SN við Virk. Samstarfið hefur gegnið vel varðandi þá einstaklinga sem hafa nýtt sér þjónustuna en það er ennþá í mótun.

## Veitt þjónusta við þátttakendur

Starfsemi SN var á Akureyri og á Húsavík þetta starfsár auk þess sem einn einstaklingur var í þjónustu SN á Bakkafirði. Starfsmaður frá SN vann einn dag í viku á Húsavík. Þátttakendur SN fara flestir í undirbúningsprógramm og í framhaldi af því, í nám sem er einingabært á framhaldsskólastigi. Þátttakendur SN hafa mætt í hópefli, sálfræðiviðtöl, líkamsþjálfun og nokkrir þátttakendur fóru í lesgreiningu. Einnig nýttu nokkrir þátttakendur sér viðtöl hjá sjálfstætt starfandi geðlækni með aðkomu SN. Allir þátttakendur fóru á fjármálanámskeið og í framhaldi af því fóru þeir sem þurftu á því að halda í ráðgjöf. Einnig nýttu þátttakendur sér félagsráðgjöf hjá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og Félagsþjónustu Norðurþings auk þess sem SN hefur nú á að skipa félagsráðgjafa í sínum röðum. Þátttakendur nýttu sér reglulega stuðningsviðtöl hjá ráðgjöfum SN en þeir fylgjast með framvindu endurhæfingarinnar. Allir þátttakendur fylla út Achenbach matslista en listinn hjálpar ráðgjafa við að meta stöðuna og vinnu við markmiðssetningu og við endurmat á endurhæfingaráætluninni. Þessir listar eru einnig lagðir fyrir við lok endurhæfingu og því hægt að meta árangur endurhæfingarinnar. Halldór Guðmundsson félagsráðgjafi hefur veitt handleiðslu í notkun og túlkun matsins.

## Fjöldi notenda þjónustu SN sl. starfsár

	Haust 2009	Vor 2010
Byr	58	59
Brúin	33	33
ETNA	0	11
Eftirfylgd	52	72
Menntasmiðja kvenna	15	
<b>Samtals</b>	<b>158</b>	<b>175</b>


Mynd 5. Fjöldi þátttakenda starfsárið 2009-2010.

Á Húsavík voru 16 þátttakendur í Brúnni á hvorri önn.

Á Akureyri útskrifuðust 27 einstaklingar um áramót, 17 einstaklingar í maí 2010 og 8 einstaklingar á Húsavík. Þeim einstaklingum sem voru útskrifaðir úr endurhæfingunni veitir SN eftirfylgd næsta ár og lengur ef einstaklingurinn óskar eftir. Tveir hópar hafa sótt undirbúningsprógramm í Menntasmiðju Akureyrar á starfsárinu og fjórir hópar voru í Brúnni, einn af þeim var í eftirfylgd. Þrír hópar voru í námi á tímabilinu. Einn hópur hefur lokið endurhæfingu úr ETNA.

## Tilvísanir

Tilvísanir til SN á starfsárinu ( júlí 2009 – júní 2010 ) voru 104.




Mynd 6. Tilvísanir starfsárið 2009-2010.

Til SN bárust 104 tilvísanir frá 1. júlí 2009 – 31. maí 2010.

Frá geðsviði bárust 28% tilvísana, 29% frá heilsugæslu, frá félagsþjónustu sveitarfélaga bárust 10%, frá Vinnumálastofnun 16% , frá Endurhæfingardeild FSA 2% og frá Virk 7%.

## Útskrifaðir


Útskrifaðir þátttakendur SN 2003 – 2010 eru 209



Mynd 7. Fjöldi útskrifaðra frá upphafi.


Af ýmsum ástæðum hefur 41 einstaklingur ekki getað nýtt sér endurhæfinguna, þar af eru 19 sem hafa hætt, ýmist að eigin frumkvæði eða að samningi hefur verið rift að hálfu SN. Á örorku eru farnir 16 einstaklingar, þrjár einstaklingar hafa flutt erlendis og um þrjá einstaklinga er ekki vitað. Fjórir einstaklingar eru látnir.

Útskrifaðir þátttakendur SN á Húsavík og nágrenni eru 79



Mynd 8. Fjöldi útskrifaðra frá upphafi á Húsavík.

Útskrifaðir þátttakendur SN á Akureyri eru 130



Mynd 9. Fjöldi útskrifaðra frá upphafi á Akureyri.


### Kynjaskipting þátttakenda

Kynjaskipting þessara 209 útskrifuðu þátttakenda er 73% konur og 27% karlar eða 151 kona og 57 karlar.



Mynd 10. Kynjaskipting þátttakenda.

### Menntun þátttakenda



Mynd 11. Menntun þátttakenda.

Með grunnskólamenntun eru 153, 30 hafa lokið einingum á framhaldsskólastigi, sex eru með stúdentspróf, 18 með sérnam og tveir með háskólapróf.

### Ytra mat á árangri

Eins og fram hefur komið hafa matslistar Achenbachs verið lagðir fyrir þátttakendur SN við upphaf endurhæfingar og við lok hennar. Halldór Guðmundsson hefur nú unnið úr þeim listum sem til eru í grunninum og unnið tölfræðilegar upplýsinga úr þeim sem hér fara á eftir. Þar er verið að skoða sérstaklega muninn á milli fyrstu og annarrar mælingar og hvort að hægt sé að nýta ASEBA matslistann sem mælitæki til að meta framvindu endurhæfingarinnar og árangur hennar.

**NIÐURSTÖÐUR** Við upphaf starfsendurhæfingar hjá SN svara þátttakendur ASEBA matslistum (ASR og ABCL 18-59 ára) þar sem þeir sjálfir og í flestum tilfellum einn



aðstandandi, leggja mat á stöðu þátttakenda. Matið þjónar a.m.k. tvíþættum tilgangi. Í fyrsta lagi er niðurstaðan höfð til hliðsjónar í umræðu um endurhæfingaráætlun einstaklings og í öðru lagi er matið lagt til grundvallar við mat á breytingum á endurhæfingaráætluninni og við lok starfsendurhæfingar. Á þann hátt eru matslistarnir og mat einstaklinganna nýtt við gerð endurhæfingaráætlunar þeirra og einnig sem grundvöllur að ytra mati á starfi og árangri SN. Ráðgjafar SN vinna með niðurstöður matslistanna og annast í samvinnu við hvern einstakling, hið innra mat, þ.e. endurhæfingaráætlunina og endurmat á henni frá einu tímabili til annars.

Halldór Sig. Guðmundsson, félagsráðgjafi, hefur veitt handleiðslu í notkun og túlkun mælitækja ASEBA og að undirbúningi tölfræðilegrar úrvinnslu á gögnunum. Sú vinna er hafin og hér á eftir eru nokkrar bráðabirgðaniðurstöður sem varða heildarstöðu skjólstaðinga SN út frá sjálfsmatslistum (ASR). Einnig eru hér dregnar fram upplýsingar um mismunandi heildarstöðu einstakra hópa sem hefja starfsendurhæfingu og að lokum niðurstöður úr mati þeirra 100 einstaklinga sem hafa bæði upphafs og lokamælingu hjá SN. Stuttlega er fjallað um hverja mynd í skýringartexta en rétt er að taka fram, að hér er um bráðabirgðaniðurstöður að ræða sem eftir er að vinna nánar úr og gætu átt eftir að breytast.


Nýverið samþykkti félags- og tryggingamálaráðuneytið að veita Halldóri Sig. Guðmundssyni fjárstyrk úr verkefnasjóði um „Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun“, til verkefnisins „Áhrif starfsendurhæfingar á fátækt, félagslega einangrun og virkni þátttakenda. Verkefnið lýtur að rannsókn á nokkrum þáttum í starfssemi SN og stöðu þátttakenda. Rannsóknin verður unnin í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn SN og þátttakendur starfsendurhæfingar. Áætlað er að þessari rannsókn ljúki á árinu 2010.

Kyn		Líðan (internal)	Hegðun (external)	Heildarerfiðleikar (T-score-tot.probl)
Konur	Meðatal T-score	67,1	57,6	60,9
	N	179	179	179
	Sd.	10,3	8,7	9,2
Karlar	Meðatal T-score	66,3	58,2	61,6
	N	75	75	75
	Sd.	10,8	9,6	10,1
Alls	Meðatal T-score	66,8	57,8	61,1
	N	254	254	254
	Sd.	10,4	9,0	9,4

a. Form EvalID = 01 (Upphafsmæling)


Tafla 1: Meðaltal t-gilda á líðan, hegðun og heildarerfiðleika einstaklinga eftir kyni, samkvæmt sjálfsmatslistum ASEBA við upphafi starfsendurhæfingar.

Heildarerfiðleikar við upphaf starfsendurhæfingar að mati einstaklinganna sjálfra reiknast rúmlega 61 t-gildi. Meðaltalið er reiknað 50 t og er eitt staðalfrávik 10 t-gildi. Að meðaltali reiknast þátttakendur í SN yfir þeim viðmiðum sem ASEBA notar sem viðmiðunarmörk. Alls er líðan hærri (vanlíðan meiri) en hegðunarþátturinn. Erfiðleikar karla eru lítillaga meiri en kvenna og virðist sá munur koma m.a. fram í mati þeirra á meiri hegðunarerfiðleikum.




Tafla 2: Heildarstaða einstakra hópa á þáttunum heildarerfiðleikar og neysla vímuefna (tóbak, áfengi, önnur vímuefni).

Ljóst er að meðalerfiðleikar einstakra hópa eru mismunandi eins og sjá má á töflu 2. Bæði eru heildarerfiðleikar þeirra mismunandi og þar með samsetning erfiðleikabátta. Dæmi um slíka samsetningu þátta er hér dregin fram með því að sýna einn þátt, neyslu vímuefna, sem greinilega mismikill vandi eftir því hvaða hópur á í hlut. Þessi ólíka samsetning og ólík staða hópanna kemur enn skýrar fram þegar litið er til þess hvert er hlutfall einstaklinga innan hvers hóps sem mælist yfir viðmiðunarmörkum, sbr. töflu 3.



Tafla 3: Hlutfallslegur fjöldi einstaklinga innan hvers hóps sem mælast yfir viðmiðunarmörkum á þáttunum heildarerfiðleikar og neysla vímuefna (tóbak, áfengi, önnur vímuefni).



Tafla 4: Meðaltal heildarpátta (t-gilda) eftir kyni (F=konur; M=karlar), við upphaf og lok starfsendurhæfingar (n=100)

Um miðjan maí 2010 lágu fyrir sjálfsmatslistar (ASR) frá upphafs- og lokamælingu vegna 100 einstaklinga sem sótt hafa starfsendurhæfingu til SN. Í þessum 100 manna hópi eru 81 kona og 19 karlar. Meðalaldur við upphafsmælingu var 33,25 ár (konur=33,23; karlar=30,68). Meðaltími milli mælinga var eitt ár. Breyting til lækkunar á meðaltali líðan, hegðun og heildarerfiðleika sýnir marktækan mun milli mælinga. Niðurstaðan gefur tilefni til að álykta að þessa breytingu megi yfirfæra á þátttakendur SN (þýðið), það er að á heildina litið muni þátttaka í starfsendurhæfingu hjá SN leiða til minni erfiðleika með líðan, hegðun og heildarvanda.

## Leonardo verkefni

Á þessu starfsári hafa starfsmenn SN verið í Evrópusamstarfi við samstarfsaðila sem komu að Social return verkefninu sem var unnið á árunum 2004 – 2007. Er það verkefni til eins árs og er markmið verkefnisins að halda áfram að þróa enn frekar úrræði í starfsendurhæfingu. Eru nú í umsóknarferli tvær umsóknir um Evrópustyrki. Annars vegar yfirfærsluverkefni Social return þar sem SN mun koma að því verkefni sem sérfræðingar og svo þjálfunarfyriretæki þar sem aðal áherslan verður lögð á að endurhæfa og þjálfa langtíma atvinnulaust fólk og ungt fólk án atvinnusögu.

Að þessu verkefnum koma; Holland, Litháen, Slóvenía og Belgía.

Heimsíða Social return verkefnanna er: [www.social-return.net](http://www.social-return.net)

## Þróunarstarf

Starf SN er nú á tímamótum, breytinga er þörf þar sem mikill fjöldi sækist nú eftir að komast í endurhæfingu hjá SN sem kallar á breyttar áherslur. Ekki hentar öllum að fara í nám og höfum við verið að þróa nýjar leiðir til þess að vinna á markvissan hátt með þá einstaklinga sem vilja komast aftur úr á vinnumarkaðinn án þess að fara í nám en þurfa á endurhæfingu að halda.

## Nýjar endurhæfingarleiðir

### Skrefið til vinnu

Um er að ræða allt að 5 mánaða endurhæfingu þar sem einstaklingurinn er að vinna með þær hindranir sem varna atvinnuþátttöku. Vinnuheiti þessarar leiðar er „Skrefið til vinnu“. Þátttakandinn mætir daglega í skipulagt prógramm sem er frá kl. 08:00 – 14:00 daglega. Verið er að vinna með eftirtalda þætti:

- Gerð færnimöppu
- Starfsferilsskrá
- Framkomu og fatastíl
- Áhugasviðsgreining lögð fyrir og unnið með markmið út frá henni
- Hreyfingu
- Tölvufærni
- Hópefli
- Starfskynningar í a.m.k. 3 vikur

**Breyttur lífsstíll** er leið sem ætluð er þeim einstaklingum sem ekki eru tilbúnir í nám né út á vinnumarkaðinn og þurfa á fjölpætri þjónustu að halda. Um er að ræða allt að 5 mánaða endurhæfingu þar sem þyngst vegur sjálfsvinna og markmiðsvinna. Unnið er með heildræna nálgun að því marki að einstaklingurinn verði fær um að taka skrefið út í vinnu og /eða nám. Svipuð uppbygging verður á þessari leið og vinnuleiðinni þ.e. að þátttakandinn mætir daglega í skipulagt prógramm sem er frá kl. 08:00 – 14:00 daglega. Þar verður unnið m.a. með eftirtalda þætti:

- Fjármálaráðgjöf, vinna með fjármálastöðu, endurskipulagning á fjármálum og fjármálalæsi.
- Að breyta um lífsstíl
- Mataræði
- Næringarfræði
- Að versla inn og elda hollan og góðan mat
- Hreyfing - tímar í líkamsþjálfun ( í sal, jóga, göngur og sund )
- Gildi hreyfingar
- Sjálfsefning, unnið með þær hindranir sem stjórna daglegu lífi s.s. lágt sjálfsmat, að tjá sig í hópi, óttan við mistök, meðvirkni og fordóma sem dæmi.
- Áhugasviðsgreining lögð fyrir og unnið með markmið í vinnu og einkalífi.

## Lokaorð

Síðasta starfsár einkenndist af endurskoðun á þeirri þjónustu sem við höfum verið að veita hjá SN. Mikil óvissa ríkti í lok ársins 2009 um endurnýjun samnings við Sjúkratryggingar Íslands en samningurinn rann út um áramótin. Samningsmálin eru enn ekki komin í höfn en samningaviðræður eru að hefjast á næstu dögum.

Einnig má segja að á síðasta starfsári hafi miklar og ánægjulegar breytingar orðið á samstarfi SN við aðrar þjónustustofnanir á svæðinu og er það von okkar að enn meiri samvinna verði á komandi starfsári. Með samvinnu kerfa og stofnana náum við að þjónusta einstaklinginn mun betur.

Það er ljóst að stofnun eins og SN þarf að vera í sífelldri endurskoðun til þess að geta mætt notendum þjónustunnar sem best. SN er og mun verða stofnun sem breytist í takt við þær þarfir sem skapast. Með aukinni reynslu og samvinnu starfstöðva út um landið sem eru að veita endurhæfingu af ýmsum toga byggist upp þekking sem er mjög mikilvæg fyrir það sem koma skal. Við þurfum að byggja á reynslunni og samræma vinnubrögð starfsstöðva og þeirra sem eru að kaupa þjónustu okkar. Því með samþættingu, samvinnu og stöðugri endurskoðun gerum við gott starf enn betra.

Þegar á heildina er litið er ekki hægt að segja annað en að árangur starfsins sé ásættanlegur. Þrátt fyrir mikla fjölgun þátttakenda þá er árangurinn sá að 69 % þeirra sem hafa nýtt sé endurhæfingu hjá SN eru í námi eða komnir í vinnu og /eða eru í atvinnuleit og 10% í áframhaldandi ferli endurhæfingar.

Það eru áhugaverðir tímar framundan og mikil áskorun fyrir þjónustuaðila í velferðarþjónustu. Það hefur þrengt að í samfélaginu og fjármagn ekki eins aðgengilegt og verið hefur og því er mikilvægt að horfa til samvinnu og samþættingar. Hvernig við getum með samvinnu og hagræðingu veitt okkar viðskiptavinum þjónustu við hæfi. Að mæta manneskjunni þar sem hún er stödd og veita þjónustu skjótt við hæfi ætti að verða okkar sameiginlega markmið. **Með samvinnu námum við árangri!**

Akureyri 4. júní 2010

Geirlaug G. Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri SN